

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
MI. 5.11.3	Ábm. HS
Innk.	8. OKT. 2021
DMR	21090238

## Kosningakæra

**Kærandi:** Rúnar Björn Herrera Þorkelsson, kjósandi  
í Reykjavíkurborg kjördæmi suður.

**Móttakandi:** Alþingi á grundvelli 46. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, sbr. og 1. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, sbr. og 2. mgr. 1. gr. og 5. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Dómsmálaráðuneytið á grundvelli 118. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000.

### i. Krafa um ógildingu Alþingiskosninga sem fram fóru 25. september 2021

Undirritaður lögfræðingur, Katrín Oddsdóttir kt. 220877-4269, fer með umboð kæranda varðandi framlagningu kæru þessarar. Kærandi krefst þess að Alþingi úrskurði ógilda Alþingiskosningarnar sem fram fóru 25. september 2021. Kærandi gerir öll rök sem fram hafa í öðrum kærum um ógildingarannmarka vegna ólögmætrar framgöngu yfirkjörstjórnar í Norðvestur kjördæmi að sínum, sjá einkum kæru Magnúsar Davíðs Norðdahl, dags. 1. október 2021.

Kærandi krefst þess að Alþingi úrskurði ógildingu á grundvelli þess að það fyrirkomulag sem viðhaft er til að skera úr um lögmæti kosninganna samrýmist ekki lögfestum viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 310/15 sem féll þann 10. júlí 2020<sup>1</sup>. Bortið felst í því að Alþingi hyggist úrskurða sjálf um lögmæti kosninganna, þrátt fyrir augljósa hagsmuni þingmanna af niðurstöðunni, og án þess að fyrir liggi nokkurs konar áfrýjunarúrræði til handa kjósendum. Bendir kærandi á fyrirliggjandi álit Feneýjarnefndarinnar í þessu samhengi.

Þess fyrir utan krefst kærandi þess að kosningarnar verði ógiltar í samræmi við 120. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 á grundvelli þess að honum var sem fötluðum einstaklingi meinaður réttur til leynilegra kosninga.

### ii. Málsatvik

Kærandi kaus á kjörfundi í Borgarbókasafni við Kringluna þann 25. september sl. Þar sem kærandi er lamaður fyrir neðan axlir vegna mænuskaða naut hann aðstoðar eiginkonu sinnar, Rungarun Jantapromarach, kt. 250184 3609 við kosninguna og er hún vitni um málsatvik.

Á bókasafninu höfðu kjörklefar verið reistir úr léttum bráðabirgða veggjum. Þeir voru staðsettir í miðju rýmisins og mynduðu þannig nokkurs konar eyju sem virðist hafa verið hægt að ganga

<sup>1</sup> [https://hudoc.echr.coe.int/fre#\(%22itemid%22:%222001-203885%22\)}](https://hudoc.echr.coe.int/fre#(%22itemid%22:%222001-203885%22)})

í kringum. Kjörklefinn fyrir fatlað fólk var á hliðinni á þessari eyju og myndaðist þannig þröngur gangur aftan við klefann.

Sá kjörklefi sem ætlaður var fólki sem notar hjólastól var hins vegar ekki með tjaldi svo kærandi gat ekki dregið fyrir þegar hann kaus. Á sama tíma og hann greiddi atkvæði gekk ókunn manneskja fram hjá kjörklefanum og hefur viðkomandi sem kærandi kann engin deili á augljóslega getað séð hvernig kærandi kaus. Þess ber að geta að gangurinn sem viðkomandi manneskja gekk á var svo þröngur að umræddur einstaklingur hefur verið í um það bil eins til tveggja metra fjarlægð frá kæranda þegar hann merkti við kjörseðilinn. Engar hindranir virðast hafa verið settar upp á þennan gang til að minnka líkur á því að slík umferð ætti sér stað á meðan fólk kaus.

Kærandi upplifði talsverð óþægindi í tengslum fyrirkomulagið. Meðal annars á grundvelli þess að á meðan hann kaus sá hann þá kjósendur sem stóð í biðröð við kjördeildina. Hann upplifði fyrir vikið alls ekki að hann væri að taka þátt í leynilegum kosningum.

Ekki er um einsdæmi að ræða hvað varðar það að fötluðu fólki hafi ekki verið tryggður réttur til leynilegra kosninga eins og fram kemur í frétt Kjarnans um málið<sup>2</sup>, dags. 2. október 2021. Þar er viðtal réttindagæslumann fatlaðs fólks sem segir að í fleiri en einu tilfelli hafi tjöld vantað á kjörklefa líkt og átti við í tilfelli kæranda. Þá eru í fréttinni raktir aðrir gallar á kosningunum er vörðuðu fatlað fólk og aðgengi þess að þeim grundvalla rétti sem þátttaka í leynilegum kosningum er.

### iii. Frekari rökstuðningur og lagarök

Í 69. grein laga nr. 24/2000 segir að kjörklefi skuli vera „þannig búinn að þar megi greiða atkvæði án þess að aðrir geti séð hvernig kjósendi kys“. Sú lagagrein var augljóslega brotin í tilfelli kæranda. Raunar hefur kærandi upplýsingar um það að hið sama hafi átt við á að minnsta kosti þremur kjörstöðum á stórhöfuðborgarsvæðinu, og krefst hann þess að sjálfsögðu að Alþingi geri nákvæma úttekt á því hversu víða þetta fyrirkomulag viðgekkst gagnvart fötluðum kjósendum.

Vart þarf að upplýsa Alþingi um það hvers konar grundvallarregla réttur til leynilegra kosninga er, né hversu skýr dómaframkvæmd Hæsaréttar er þegar það kemur að mögulegum brotum gegn henni. Hér er mikilvægt að áréttu að þrátt fyrir að kærandi geti ekki með nokkru móti sannað að brotið sem um ræðir hafi haft áhrif á niðurstöðu kosninganna virðist dómaframkvæmd gefa til kynna að brot á þessari reglu sé í raun almennur ógildingaranmarki.

Hér er mikilvægt að áréttu að um er að ræða brot gegn tilteknum þjóðfélagshópi, fötluðu fólki, sem þegar er jaðarsett. Er því um kerfisbundið brot að ræða gegn tilteknum minnihlutahópi sem leiðir augljóslega til brota á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar, sbr. 65. grein laga nr. 33/1944. Það að fötluðu fólki sé mismunað í kosningaframkvæmd á Íslandi er því miður ekki nýlunda, kærandi telur að þó hafi brotið í þessu tilfelli verið svo kerfisbundið og gegn svo mikilli grundvallarreglu lýðræðisfyrirkomulagsins að rétt sé að ógilda kosningarnar í heild sinni. Visast hvað þetta varðar til dæmis til dóms Mannréttindadómsólsins í máli *Aziz gegn Kýpur*, sem féll 22. júní 2004. Þar kvað dómstóllinn á um brot gegn rétti tiltekins þjóðernis

<sup>2</sup> <https://kjarninn.is/frettir/tilvik-komu-upp-thar-sem-fatlad-folk-fekk-ekki-ad-kjosa-leynilega/>

minnihlutahóps til kosninga. Var um að ræða brot á 3. grein 1. samningsviðauka Mannréttindasáttmálans þegar af þeirri ástæðu. En dómurinn kvað einnig upp að um væri að ræða brot á umræddri grein í samhengi við 14. grein Mannréttindasáttmálans sem bannar mismunun. Í því máli sem hér er um teflir er brot gegn rétti til leynilegra kosninga sem byggir á mismunun gegn fötluðu fólki sem er ólögmæt, hvort heldur sem horft er til stjórnarskrár eða Mannréttindasáttmálans. Þess skal getið að kærandi hefur fullan hug á að taka þetta mál eins langt og nauðsynlegt er eftir þá auðmýkjandi lífsreynslu sem hann upplifði í opnum kjörklefanum þann 25. september síðastliðinn.

Að lokum vill kærandi áréttta að Alþingi ber skylda til að virða ákvæði Samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem Ísland hefur fullgilt. Í samningnum segir meðal annars að aðildarríkin skulu tryggja fötluðum stjórn mála réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórn mála og opinberu lífi til jafns við aðra, þar með talinn réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosinn, meðal annars með því að tryggja að kosningaaðferðir, kosninga-aðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð. Kærandi byggir á að umrædd regla samningsins hafi verið freklega brotin gegn sér. Brotið sé enn alvarlega í ljósi þess að Ísland hefur ekki farið að þingsályktun frá 2017 um að fullgilda valfrjálsa bókun við Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem þýðir að kærandi hefur lakari rétt en borgarar annarra samningsríkja gagnvart því að kvarta yfir brotum Íslands gegn samningnum líkt og því sem hér er kært vegna.

#### iv. Áskilnaður

Kærandi krefst þess að Alþingi rannsaki með ítarlegum, opnum og gegnsæjum hætti öll þau brot sem kært hefur verið vegna í tengslum við Alþingiskosningarnar 25. september 2012.

Kærandi lýsir sig reiðubúinn til hvers kyns frekara samtals og óskar þess jafnframt að fá að koma fyrir kjörbréfanefnd Alþingis og lýsa sjónarmiðum sínum.

Þá áskilur kærandi sér rétt á að koma fyrir nefndina og flytja mál sitt og að koma á framfæri frekari gögnum og rökstuðningi með kærnu þessari á síðari stigum máls, gerist þess þörf.

Reykjavík, 8. október 2021

Virðingarfyllst,



Katrín Oddsdóttir  
katrino.odd@hi.is

F.h.

Rúnars Björns Herrera Þorkelssonar

Netfang: [runar@npa.is](mailto:runar@npa.is)

Sími: 848 4155

